

Alþingi
Erindi nr. P 130/1670
komudagur 5.4.2004



Akraneskaupstaður

Iðnaðarnefnd Alþingis
c/o Elín Valdís Þorsteinsdóttir,
Alþingishúsinu við Austurvöll,
150 REYKJAVÍK.

Á fundi bæjarráðs Akraness sem haldinn var þann 26.3.2004, var m.a. fjallað um bréf iðnaðarnefndar Alþingis, dags. 26.3.2004, þar sem óskað er umsagnar á hjálögðu frumvarpi til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku, 747. mál.

Vísað til fyrri samþykktar bæjarráðs og bæjarstjórnar varðandi málið:

Eftirfarandi bókun var gerð á fundi bæjarráðs Akraness þann 19. febrúar og síðan samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 24. febrúar s.l.:


„Í tilefni af lokatillögum meirihluta nítján manna nefndar iðnaðar- og viðskiptaráðerra mótmælir bæjarráð Akraness öllum tillögum sem leiða munu til hækkunar á raforkuverði á Akranesi. Bæjarráð tekur undir nauðsyn þess að jafna raforkuverð í landinu en telur að slíkar félagslegar aðgerðir eigi að greiðast úr ríkissjóði en ekki að leggjast þyngst á atvinnulíf og barnafjölskyldur í öðrum landslutum. Ríkisvaldinu er í lófa lagið að jafna lífskjörin í landinu með öðrum aðgerðum en þeim að rýra búsetuskilyrði á einu svæði í þágu annars. Bæjarráð telur að flutningskerfið eigi að vera takmarkað við 132kV og hærri spennu en ekki við 66kV eins og tillögur meirihluta nítján manna nefndarinnar gera ráð fyrir.“

Bréf iðnaðarnefndar varðandi frumvarp til raforkulaga, 740. mál og frumvarp til laga um Landsnet hf., 737 voru lögð fram á sama fundi.

Það tilkynnist hér með.

Akranesi, 2. apríl 2004.

Virðingarfyllst,


Jón Pálmi Pálsson bæjarritari

JPP/gb
Skjal 000.2/Ak-21980